

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. maí 2013
Tilvísun: UST20130400148/bs

Ofanflóðavarnir á Eskifirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða ofanflóðavarnir sem á að gera við farvegi Bleiksár, Grjótár, Lambeyrarár, Ljósár og Hlíðarendaár og ná frá fjöru, upp í gegnum byggðina og upp á fyrsta hjalla í hlíðinni ofan byggðarinnar. Um er að ræða leiðigarða, stoðveggi, breikkun og dýpkun farvega á þessum fimm stöðum.


Framkvæmdir verða mismiklar allt eftir aðstæðum í og við hvern farveg. Dýpkun farvega verður allt að 4 m. Breikkun farvega frá 6,5 m og allt að 20 m þar sem mest verður. Lengd framkvæmdasvæðis í farvegum verður frá 108 m allt að 380 m. Leiðigarðar verða byggðir við farvegina mismargir eftir aðstæðum. Flestir við Grjótá eða þrír. Samanlögð lengd þeirra verður um 390 m og hæð 2-5 m. Aðrir garðar verða styttri og lægri. Heildarlengd leiðigarða verður um 1.000 m.


Ráðgert er að mest allt efni í leiðigarða komi úr farvegum. Ofan byggðar er ráðgert að planta trjám sem með tímanum mun draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar og draga jafnframt úr hættu á krapaflóðum.

Framkvæmdasvæði er að stærstum hluta innan þéttbýlis. Umfang mannvirkja er frekar lítið. Sjónrænna áhrifa gætir væntanlega helst ofan byggðar. Með vönduðum frágangi og uppgræðslu ættu áhrif umræddrar framkvæmdar að verða lítil.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur